

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010, snjóflóðavarnir við Hornbrekku, Fjallabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 12. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010 frá 25. nóvember 1991.

Breytingin felst í því að svæði ofan Hornbrekku (dvalarheimili aldraðra) breytist úr íbúðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota þar sem gert er ráð fyrir snjóflóðamannvirkjum. Jafnframt minnkar svæði fyrir þjónustustofnanir (opinberar stofnanir). Lega fyrirhugaðs snjóflóðavarnargarðs á svæðinu er auðkennd sem G1. Gróðurreitur/skógrækt (U3) fellur brott.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.